



**ORKUSTOFNUN**

**Rannsóknasvið**

**Fallmælingar  
og GPS-mælingar  
á utanverðum  
Reykjanesskaga  
1999**

**Gunnar Þorbergsson  
Guðmundur H. Vigfússon**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja**

**1999**

**OS-99065**





**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 8-630-246

**Gunnar Þorbergsson  
Guðmundur H. Vigfússon**

**Fallmælingar  
og GPS-mælingar  
á utanverðum  
Reykjanesskaga  
1999**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja**

**OS-99065**

**September 1999**



<b>Skýrsla nr:</b> OS-OS-99065	<b>Dags:</b> September 1999	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Fallmælingar og GPS-mælingar á utanverðum Reykjanesskaga 1999	<b>Upplag:</b> 50	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 76	
<b>Höfundar:</b> Gunnar Þorbergsson Guðmundur H. Vigfússon	<b>Verkefnisstjóri:</b> Sverrir Þórhallsson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Gagnaskýrsla, reglubundið eftirlit	<b>Verknúmer:</b> 8-630246	
<b>Unnið fyrir:</b> Hitaveitu Suðurnesja		
<b>Samvinnuaðilar:</b> Hitaveita Suðurnesja		
<b>Útdráttur:</b> Greint er frá fallmælingum 1999 í 45 km löngum línum, hluta af mællínum á mælisvæði Orkustofnunar og Hitaveitu Suðurnesja á utanverðum Reykjanesskaga. Línurnar liggja í kross um Orkuverið við Svartsengi, um Eldvörp og suðvestur á Reykjanes. Niðurstöður mælinganna voru bornar saman við mælingar 1992. Mesti mældi meðalsighraði er 14 mm/ári og staður mesta sigs um 1,5 km suðvestan orkuversins. Sigs gætir í öllum mællínum, sem fallmældar voru 1992 og 1999. Einnig var mælt með GPS-mælitækni í 58 stöðvum dreifðum yfir allt mælisvæðið, en ekki verða dregnar ályktanir af þeim mælingunum fyrr en mælt verður með sömu aðferð öðru sinni einhvern tíma í framtíðinni.		
<b>Lykilorð:</b> Svartsengi, GPS, hæðarmælingar, hæðarbreytingar, landbreytingar	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
	<b>Yfirfarið af:</b> KÁ, PI	

## EFNISYFIRLIT

	Bls.
TÖFLUSKRÁ .....	4
MYNDASKRÁ .....	4
1 INNGANGUR .....	5
2 FALLMÆLINGAR .....	5
2.1 Framkvæmd .....	5
2.2 Hæðarbreytingar .....	13
3 GPS-MÆLINGAR .....	13
3.1 Framkvæmd .....	13
3.2 Mæligögn .....	17
3.2.1 Nöfn mælistöðva .....	18
3.2.2 Loftnetshæðir .....	18
3.3 Úrvinnsla .....	19
3.3.1 GPS við landmælingar .....	19
3.3.2 Rúmvektorar .....	19
3.3.3 Jöfnun .....	22
3.3.4 Hæðir yfir sjó o. fl. ....	25
4 HEIMILDIR .....	28
VIÐAUKI I: Fallmælingar 1999 .....	35
VIÐAUKI II: Stöðvarlýsingar .....	41

## TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Hæðir fastmerkja 1975 – 1999 .....	6
2 GPS-mælingar í apríl – júní 1999 .....	14
3 4400SSi og TDC1 .....	17
4 Niðurstöður útreikninga með WAVE .....	20
5 Yfirlit yfir niðurstöður jöfnunar .....	22
6 Baugahnit og hæðir yfir sporvölu .....	23
7 Samanburður á GPS-mældum og fallmældum hæðum .....	25
8 Keiluhnit og hæðir samkvæmt GPS-mælingum .....	26

## MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Fallmælingar 1999 .....	29
2 Hæðarbreyting í nágrenni Svartsengis .....	30
3 Hæðarbreyting á Reykjanesi .....	31
4 Meðalsig 1992 – 1999 í mm/ári .....	32
5 Jafngildislínur fyrir meðalsig 1992 – 1999 .....	33
6 GPS-mælingar 1999 – reiknað net .....	34

## 1. INNGANGUR

Árið 1999 var aftur komið að því að gera umfangsmiklar landmælingar á mælisvæði Orkustofnunar og Hitaveitu Suðurnesja á utanverðum Reykjanesskaga. Tilgangurinn er að fylgjast með landbreytingum, hvort sem þær stafa af náttúrulegum ástæðum eða verða vegna virkjunar jarðhitans.

Hnit hf fallmældi meðfram hitaveitustokki frá Svartsengi til Njarðvíkur 1975–1976. Orkustofnun fallmældi á svæðinu 1979, 1982, 1983, 1985, 1986, 1987 og 1992 og voru þær mælingar kostaðar af Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnun sameiginlega.

Í skýrslu um mælingar á utanverðum Reykjanesskaga frá 1. júní 1993 (Hjálmar Eysteinson 1993) eru hæðarbreytingar allt frá 1975 sýndar í einstökum mælistöðvum.

En fallmælingarnar eru tímafreakar og það hefur freistað okkar allengi að nota GPS-mælitækni í stað fallmælinga, en þá verður að slaka nokkuð á kröfum um nákvæmni, ekki síft hér á norðlægum slóðum, þar sem truflandi áhrif á GPS-mælingar frá segulsviði jarðar vegna áhrifa frá sólu eru veruleg. Það var þó SAR-mælitækni (Synthetic Aperture Radar), sem verið er að reyna hér á landi, sem réð úrslitum um að ákveðið var að breyta um mæliaðferðir við að fylgjast með landbreytingum á háhitasvæðum framvegis.

Ráðgert er að nota SAR-mælitæknina árlega, ef hún reynist vel, til að fylgjast með hæðarbreytingum lands, en hægt verður að nota GPS-mælingar til að fylgjast með breytingum á hæð og legu þegar ástæða þykir til.

Sumarið 1999 var fallmælt eftir völdum línur um á mælisvæðinu, e. t. v. í síðasta sinn, til að fá vitneskju um hæðarbreytingar síðan 1992. Einnig voru GPS-mælingar framkvæmdar í stöðvum dreifðum yfir allt mælisvæðið, eins og það ákvarðast af fastmerkjum þar sem einhvern tíma hefur verið hæðarmælt. Sjá mynd 1 og mynd 6 til yfirlits.

## 2. FALLMÆLINGAR

### 2.1 Framkvæmd

Mynd 1 sýnir fallmældar línur (og GPS-stöðvar í þeim) eins og mælt var 1999. Lína milli afleggjara að Eldvörpum og fastmerkis 7074 er ný. Hún liggur meðfram vegi með rafstreng vestur frá Orkuverinu við Svartsengi út á Reykjanes. Nýju fastmerkin á þessum kafla eru HS13–HS18. Að auki var nýtt fastmerki, HS12, sett nálægt borholu í Eldvörpum, þar sem eldra merki í borholukjallara, SE-H10, var ekki finnanlegt.

Mælt var með fallmæli Na3000 og strikuðum invarkvörðum frá Leica. Mælt var fram eftir línu milli fastmerkja og til baka samdægurs. Sigtilengdir voru 30–35 m í sléttu landi. Eins og áður voru skrúfjárn rekin í jörð, stöngunum stillt á þau og stutt við stangirnar með oddstikum. Nokkuð var slakað á nákvæmniskröfum frá því sem áður hefur tíðkast, og átti að endurmæla bil ef mismunur mælinga færi yfir  $1,2n^{1/2}$  mm, þar sem  $n$  er fjöldi uppstillinga í bilinu.

Þessi lýsing á við fallmælingu með invarkvörðum, en í hrauninu milli Svartsengis og Nátthagakrika og að hluta á Reykjanesi, voru notaðir trékvarðar og fallmælir að gerð Wild-Na2 eins og áður hefur verið gert við mælingar þar. Sigtilengdir voru um 50 m.

Samtals voru mældar 45 km langar línur. Mælingarnar tóku 21 dag á tímabilinu frá 26. maí til 5. júlí og afköst voru því 2,1 km/dag. Endurmæla þurfti tvö bil. Að jafnaði voru unnar 13 klukkustundir á dag að ferðum meðtöldum. Að undanskilinni einni viku var veður óvenjustirt til fallmælinga. Guðmundur H. Vigfússon, Auður Ágústsdóttir og Iða Brá Vilhjálmisdóttir fallmældu.

Niðurstöður mælinganna eru í viðauka I og hæðir samkvæmt honum hafa verið færðar í töflu 1, sem sýnir niðurstöður fallmælinga allt frá 1975. Eins og jafnan áður er reiknað með að hæð á fastmerki SN-H25 við flugvöll hafi ekki breyst.

Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975 – 1999

Flugvöllur - Orkuver									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
HS09								16,740*	
HSTK								16,602*	
SN-H25	16,208		16,208	16,208	16,208		16,208*	16,208*	16,208*
SN-H23	21,945		21,944	21,942	21,945		21,943*	21,941*	21,938*
SN-H22	18,412		18,409	18,406	18,411		18,407*	18,405*	18,400*
SN-H21	21,918		21,912	21,908	21,914		21,909*	21,907*	21,899*
SN-H20	6,648		6,641	6,640	6,643		6,637*	6,633*	6,624*
SN-H19	14,359		14,352	14,347	14,352		14,346*	14,340*	14,330*
SN-18			14,946	14,940	14,945		14,938*	14,927*	
SN-H17	11,963		11,948	11,941	11,945		11,938*	11,923*	11,904*
SN-H16	12,680		12,662	12,652	12,656		12,647*	12,631*	12,607*
SN-H15	19,797		19,778	19,767	19,770		19,760*	19,743*	19,717*
SN-H14	27,892		27,867	27,849	27,851		27,839*	27,819*	27,787*
SN-H13	24,101		24,065	24,052	24,054		24,042*	24,021*	23,984*
7008			27,921	27,908	27,910				
SN-12			28,387	28,373	28,375		28,361*	28,335*	28,292*
SN-11			34,423	34,407	34,409		34,393*	34,364*	34,314*
SN-10			36,564	36,549	36,548		36,532*	36,503*	36,448*
SN-H9	36,830		36,775	36,760	36,758		36,742*	36,712*	36,656*
SN-H8	40,544		40,483	40,469	40,467		40,451*	40,420*	40,359*
SN-H7	35,438		35,373	35,359	35,355		35,338*	35,307*	35,242*
SN-H6	33,200		33,128	33,114	33,109		33,092*	33,062*	32,995*
SN-H5	29,784		29,709	29,695	29,685		29,669*		
HS-K12			25,081	25,068	25,056		25,040*	25,014*	24,944*
SN-4			32,420	32,404	32,395		32,379*	32,354*	32,277*
SN-H3	28,341	28,305	28,263	28,249	28,238		28,221*	28,194*	28,116*
HS07								30,893*	30,811*
SN-H2	31,138	31,095	31,055	31,040	31,029		31,011*	30,983*	30,901*
SN-H1	24,204	24,166	24,118						
SVS		25,314	25,277	25,263	25,252		25,233*	25,204*	
HV4		25,545	25,507						
HV5							25,509*	25,482*	25,399*
SN-H21									21,899*
SN21									21,761*
SN-H16			12,662						
7010			14,063						
SN-H15							19,760*		
B211							19,175*		

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.



Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975–1999 (framhald)									
Orkuver - Grindavíkurvegur									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
SVS		25,314	25,277	25,263	25,252		25,233*	25,204*	
GR-H31	23,215	23,171	23,140	23,131	23,116		23,105*	23,078*	22,996*
VR-G27		30,405	30,370						
VR-G26		43,922	43,885		43,857			43,820*	43,742*
VR-G25		46,676	46,644		46,618			46,575*	46,501*
VR-G24		45,229	45,197		45,174			45,130*	45,059*
VR-G23			42,607		42,582			42,544*	42,482*
Vr1117									57,070*
VR-G22			59,624		59,606			59,573*	59,525*
VR-G21								61,256	
VR-G20								63,575	
Vr1116									63,611*
VR-G19								63,132	
VR-G18									59,567*
VR-G17								46,738	46,698*
VR-G16								43,767	
VR-G15								40,119	
Vr1115									32,490*
VR-G14								34,502	
VR-G13								29,814	29,791*
VR-G12								20,922	
Nátthagakriki									
VR-G26		43,922	43,885		43,857		43,844	43,820	43,742
SA1/V		41,911	41,876		41,850		41,835		
SA1		43,282	43,246		43,222		43,207	43,180	43,104
SA2		52,671	52,639		52,616		52,599	52,573	52,499
SA3		59,393	59,362		59,340		59,324	59,296	59,224
SA4		62,723	62,693		62,672		62,659	62,628	62,553
HS10									66,008
SA5		77,738	77,709		77,688		77,678	77,647	77,578
SA6		78,079	78,052		78,037		78,027	78,001	77,934
SA7		85,140	85,119		85,107		85,099	85,076	85,015
SA8		79,301	79,284		79,278		79,272	79,255	
SA9		75,428	75,414		75,411		75,405	75,390	75,350
HS11									75,363
SA10		77,206	77,196		77,197		77,194	77,179	77,149
SA11		78,983	78,976		78,977		78,976	78,963	78,940
SA12		76,685	76,675		76,680		76,679	76,672	76,651
SA13		77,642	77,637		77,640		77,638	77,635	77,618
RH9313									78,087
SA14		83,611	83,607		83,609		83,611	83,608	
SA15		90,970	90,968		90,970		90,976	90,974	
SA16		97,570	97,570		97,572		97,579	97,575	

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.

Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975 – 1999 (framhald)									
Orkuver - Grindavík - Húsatóftir									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
GR-H31	23,215	23,171	23,140	23,131	23,116		23,105*	23,078*	22,996*
GR-H30	28,943	28,895	28,864	28,856	28,845		28,831*		
GR-H29	27,543	27,496	27,468	27,462			27,440*	27,411*	27,326*
GR-H28	47,560		47,489	47,481	47,477		47,465*	47,437*	47,351*
GR-H27	38,737		38,674	38,671	38,666		38,654*	38,629*	38,545*
GR-H26	37,959		37,899	37,896	37,893		37,882*	37,858*	37,774*
GR-H25	39,145		39,090	39,089	39,087		39,078*	39,058*	38,974*
GR-H24	33,842		33,790	33,792	33,789		33,782*	33,763*	33,687*
GR-H23	27,999		27,953	27,959	27,956		27,950*	27,935*	27,864*
GR-H22	24,276		24,237	24,242	24,240		24,235*	24,222*	24,152*
VR-G36			19,728	19,738	19,736		19,731*	19,721*	
GR-H21	16,448		16,414	16,424	16,422		16,417*	16,408*	16,340*
GR-H20	15,539		15,510	15,519	15,519		15,514*	15,506*	15,443*
FESTI			13,876	13,885	13,885		13,880*	13,873*	13,813*
KVENNO				11,079	11,080		11,075*	11,069*	
KVEN_B									11,221*
GARÐHUS				5,284	5,284		5,280*	5,278*	
7169				6,876	6,877		6,872*	6,865*	6,818*
7170				8,962	8,962		8,959*	8,953*	
7171				9,607	9,613		9,609*	9,604*	
7052			10,224	10,221	10,227	10,222*	10,222*	10,215*	
GR-H30			28,864						
VR-G28			28,828						
GR-H23									27,864*
VR-G34									28,435*
Þórkötlustaðanes									
FESTI			13,876		13,885		13,880*	13,873*	
7047			9,930		9,942		9,933*	9,926*	
7048			4,125		4,142			4,133	
7050			2,885		2,903			2,894	
7049			9,558		9,582			9,574	

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.

Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975 – 1999 (framhald)									
Orkuver - Árnastígur - Sýrfell									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
SVS		25,314	25,277		25,252		25,233*	25,204*	
SE-H1							27,693*	27,667*	27,583*
SV1		27,399	27,363		27,341		27,320*	27,291*	27,207*
SV2		27,362	27,322		27,295		27,269*	27,235	
SV3		29,137	29,098		29,078		29,052*	29,019	
SV4		29,947	29,908		29,892			29,835	
SV5		33,218	33,181		33,161			33,107	
SV6		34,423	34,387		34,368			34,316	
SV7		27,858	27,824		27,806			27,756	
SV8		33,054	33,021		33,007			32,956	
SV9		43,475	43,440		43,423			43,380	
SV10		49,353	49,321		49,305			49,261	
SV11		48,881	48,850		48,836			48,793	
SV12		40,918	40,889					40,838	
SV13		45,209	45,177					45,125	
SV14		51,059	51,028					50,981	
SV15		67,845	67,810					67,779	
SV16		81,024	80,984					80,954	
7070			63,860					63,832	
7071			49,686					49,662	
7072			31,455					31,431	
7073			25,954					25,927	
Árnastígur - Sýrfell									
SE-H7									46,827*
SV12									40,771*
HS13									39,946*
HS14									44,156*
HS15									51,620*
HS16									36,567*
HS17									32,295*
HS18									31,309*
7073			25,954					25,927	25,886*
7074			18,146					18,122	18,078*
7075			23,657						23,588*
7076			18,462					18,439	18,396*
7077			22,270					22,246	22,205*

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.

Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975 – 1999 (framhald)									
Svartsengi - Eldvörp									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
SVS								25,204*	
SE-H1								27,667*	27,583*
HS01								28,949*	28,857*
HS02								31,133*	31,036*
HS03								25,477*	25,384*
HS04								21,882*	21,791*
SE-H5								24,225*	24,135*
HS05								29,481*	29,396*
SE-H6								34,713*	34,631*
HS06								36,899*	36,819*
SE-H7								46,903*	46,827*
SE-H8								45,034*	44,960*
SE-H9								54,904*	54,832*
SE-H10								55,755*	
HS12									56,410*
Húsatóftir - Árnastígur - Stapafell									
7051			5,193		5,201			5,192	
7052			10,224	10,221	10,230			10,215	
7053			13,798		13,804			13,782	
7054			19,480		19,480			19,455	
7055			26,469		26,466			26,435	
7056			31,614		31,602			31,563	
7057			38,626		38,609			38,563	
7058			39,804		39,790			39,746	
SV11			48,850		48,836			48,793	
SV12			40,889					40,838	
7059			43,607		43,598			43,565	
7060			42,938		42,932			42,909	
7061			50,859		50,857			50,838	
7062			40,523		40,521				
7062A								40,502	
7063			37,178		37,179			37,166	
7064			57,471		57,480			57,471	
7065			50,853		50,861			50,858	
7066			50,735		50,744			50,747	
7067			43,731		43,742			43,743	
7068			36,196		36,206			36,206	
7069			41,842		41,856			41,858	
VR			33,660						

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.

Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975 – 1999 (framhald)									
Húsatóftir - Reykjanes									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
7052				10,221		10,222*		10,215*	
7172				5,155		5,159*		5,153*	
7173				4,678		4,680*		4,673*	
7174				7,324		7,330*		7,324*	
7175				12,788		12,793*			
7176				8,090		8,096*		8,095*	
7177				6,498		6,507*		6,503*	
7178				19,938		19,947*		19,943*	
7179				14,088		14,096*		14,090*	
7180				8,624		8,632*		8,623*	
7181				4,760		4,769*		4,758*	
7182				15,992		16,004*		15,994*	15,951*
RN01				12,786		12,795*		12,782*	12,741*
RN02				9,267		9,272*		9,258*	9,216*
RN03				18,220		18,229*		18,211*	18,168*
RN04				25,076		25,085*		25,066*	25,025*
RN05				16,862		16,869*		16,845*	16,802*
RN06				17,725		17,733*		17,706*	17,662*
RN07				19,019		19,029*		18,994*	18,951*
RN22				12,745		12,754*		12,720*	12,678*
RN08				18,657		18,663*		18,627*	
RN09				19,146		19,152*		19,116*	
RN10				19,505		19,513*		19,478*	
RN11				17,740		17,747*		17,711*	
RN12				15,234		15,241*		15,203*	
RN13				19,807		19,814*		19,776*	
RN14				20,492				20,460	
RN15				9,660				9,633	
RN16				5,949				5,924	
7175						12,793*			
B_STÖP						16,001*			
RN01									12,741
plata									13,956
LM0302									13,970

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.

Tafla 1. Hæðir fastmerkja 1975 – 1999 (framhald)

Reykjanes									
Fastm.	75-76	1979	1982	1983	1985	1986	1987	1992	1999
RN07				19,019		19,029*		18,994*	18,951*
RN23				21,431		21,439*		21,408*	21,363*
RN24				22,101		22,110*		22,083*	22,041*
RN25				20,496		20,504*		20,474*	20,433*
RN26				21,880		21,887*		21,858*	21,820
RN27				13,935				13,893	
RN28				9,466				9,437	9,395
RN29				8,270				8,241	8,203
RN30				14,373				14,347	14,309
RN31				14,395				14,370	14,333
RN32				11,622				11,598	
RN33				18,889				18,865	
RN34				13,900				13,872	
RN35				11,741				11,711	
RN25				20,496				20,474	
RN39				19,776				19,775	
RN40				18,657				18,661	
RN41				22,214				22,221	
RN29				8,270				8,241	8,203
RN36				17,103				17,100	17,069
RN37				12,400				12,396	
RN38				18,475				18,475	
5483				16,448				16,451	
RN22				12,745		12,754*		12,720*	12,678*
RN21				14,481		14,491*		14,458*	
RN20				12,524		12,534*		12,503*	12,462*
RN19				24,421		24,433*		24,403*	24,363*
RN18				12,912		12,922*		12,895*	12,854*
RN17				9,172		9,182*		9,156*	9,117*
7077				22,259				22,246	22,205*
RN09				19,146				19,116	
RN42				20,219				20,193	
VR524				24,189				24,164	
RN43				23,088				23,063	
VR523				25,198				25,175	

\* Mæling með invarkvörðum. Hæðir eru í metrum í Njarðvíkurkerfi.

## 2.2 Hæðarbreytingar

Á mynd 2 eru sýndar hæðarbreytingar í þremur mælilínum, sem liggja um Orkuverið við Svartsengi. Efst er lína frá SN-H25 (lengst til hægri á myndinni) sunnan Njarðvíkurflugvallar, meðfram heitavatnspípu að orkuverinu og þaðan með þjóðveginum til Grindavíkur og suðvestur fyrir þorpið. Frá upphafi mælinga Orkustofnunar á svæðinu hefur, eins og áður segir, verið reiknað með að hæð á fastmerki SN-H25 hafi ekki breyst. Það er einnig gert nú þótt útlit sé fyrir að merkið hafi hreyfst eitthvað milli tveggja síðustu mælinga.

Hæðarbreyting í mælistöð milli mælinga tvö ár er mismunur hæða stöðvarinnar þau ár samkvæmt töflu 1. Meðalhæðarbreytingin, sem sýnd er á mynd 2, fæst með því að deila með fjölda ára milli mælinga, enda eru mælingarnar framkvæmdar sem næst á sama árs-tíma. Á myndinni er meðalhæðarbreyting í millimetrum á ári sýnd sem fall af fjarlægð frá orkuverinu í kílómetrum.

Ef breytingar á árunum 1992-1999 eru bornar saman við breytingar nýu eða tíu ár þar á undan (1983-1992 og 1982-1992) samkvæmt mynd 2, sést að sighraðinn, þar sem hann er mestur, er tvöfalt meiri 1992-1999 en hann var á fyrra tímabilinu. Mesti mældi sighraði 1992-1999 er 14 mm/ári og mesta sig er sennilega um einn og hálfan kílómetra suðvestan orkuversins, skammt sunnan mælilínu vestur frá orkuverinu.

Samkvæmt mynd 3 hafa allar mælistöðvar á Reykjanesi sigið um sem næst 6 mm/ári milli mælinga 1992 og 1999. Árið 1982 var m. a. fallmælt frá SN-H25 að orkuveri og þaðan vestur yfir Sandfellshæð og endað í 7077 norðaustan Sýrfells, en 1983 var mælt milli sömu merkja um Grindavík og með suðurströndinni. Gapið í fastmerki 7077 á mynd 3 kann að stafa af mæliskekkjum.

Mynd 4 sýnir meðalsigraða í stöðvum, sem mældar voru bæði árin 1992 og 1999, og mynd 5 sýnir það sama, en með öðrum hætti. Taka ber fram að jafngildislínum á mynd 5 er ekki treystandi nema næst mælistöðvunum.

## 3. GPS-MÆLINGAR

### 3.1 Framkvæmd

Landsvirkjun lánaði tvö TRIMBLE 4400SSI GPS-mælitæki til mælinganna og samið var um að Orkustofnun tryggði tækin og skilaði þeim með dags fyrirvara ef Landsvirkjun þyrfti á þeim að halda. Það var því ákveðið að hefja mælingarnar í aprílmánuði, til að reyna að ljúka þeim áður en annatími mælingamanna Landsvirkjunar hæfist.

Mælistöðvarnar eru sýndar á mynd 6 og listi yfir mælingarnar og ýmsar upplýsingar um þær, þar á meðal loftnetshæðir, er í töflu 2. Gerðar voru stöðugar (static) mælingar í 1,5–3 klukkustunda lotum, og voru bæði tækin stillt sem viðmiðunarstöðvar (base). Oftast var loftneti á þrífæti stillt yfir bolta í jörð, en í stöðvum LM3407, LM0302 og HN1000-IS (ILAX) eru landmælingastöplar og var þá loftnetinu komið fyrir á þeim.

Mældar voru tvær til fimm lotur á dag, og var þá tekið tillit til afstöðu gervitungla, þannig að mælt var á meðan afstaða þeirra var heppileg, en tækin flutt þess á milli. Á kvöldin voru mæliskrárnar fluttar úr handtölvum í ferðatölvu og þaðan á disklinga. Tvö disklingasöfn voru varðveitt.

Reiknað var út úr mælingunum jafnóðum til að athuga nákvæmni þeirra (en hún er háð segulsviði jarðar). Þessar athuganir leiddu til þess að breytt var nokkuð um tilhögun mælinganna frá því sem áður hafði verið ákveðið. Lögð var áhersla á að mæla stuttar lengdir við góð mæliskilyrði. Skilyrði til mælinga voru oftast góð, en þó þurfti að endurmæla nokkrar línur.

Stutt lýsing á notkun mælitækjanna er í töflu 3, en hún kemur ekki að notum nema fyrir væntanlega mælingamenn, og því aðeins að þeir hafi stillt loftnetinu upp á þrífót, tengt það við viðtækið (4400SSI) og viðtækið við handtölvuna (TDC1).

Mælingarnar stóðu frá 20. apríl til 9. júní. Jón Borgarsson, starfsmaður Hitaveitu Suðurnesja, aðstoðaði Gunnar Þorbergsson við mælingarnar.

Tafla 2. GPS-mælingar í apríl – júní 1999							
Dags.	Dagur		Tími	Mæli- stöð	Mæli- skrá	Loftnets- hæð	Athuga- semd
20/4	110	✓ ✓ ✓	0528-1318 0608-0840 0920-1206	LM3407 VRG2 SNH25	34071100 00G21100 SN251100	0,193 t 1,156 u 1,056 u	Hæð!
21/4	111		0516-1039 0600-0830 0900-1200 1319-1622 1337-1558	LM3407 LM3006 7069 LM3006 7069	34071110 30061110 70691110 30061111 70691111	0,193 t 1,076 u 1,207 u 1,074 u 1,207 u	
22/4	112	✓ ✓ ✓ ✓ ✓ ✓	0733-1112 0755-0925 0942-1123 1143-1530 1155-1326 1348-1519	VR104 LM3006 VR113 VR123 VR113 VR141	V1041120 30061120 V1131120 V1231120 V1131121 V1411120	1,062 u 1,075 u 1,090 u 1,069 u 1,090 u 1,042 u	
23/4	113		0625-0846 0645-1548 0915-1144 1226-1529	LM3006 VR123 7069 LM0302	30061130 V1231130 70691130 03021130	1,075 u 1,068 u 1,207 u 0,128 t	
24/4	114		0528-1417 0612-0841 0909-1144 1222-1523	7060 LM0302 VR123 7069	70601140 03021140 V1231140 70691140	1,099 u 0,127 t 1,046 u 1,207 u	Hæð!
25/4	115		0516-0820 0549-1409 0845-1230	HS07 7060 VRG34	HS071150 70601150 VG341150	1,064 u 1,100 u 0,996 u	Hæð (u)!
26/4	116		0527-1319 0547-0828 0856-1126 1217-1518	ILAX VRG34 LM0302 7060	ILAX1160 VG341160 03021160 70601160	0,128 t 0,996 u 0,129 t 1,101 u	
27/4	117	✓ ✓	0719-0916 0746-1116 0944-1423 1205-1625	HS07 GRH28 VRG34 HS07	HS071170 GH281170 VG341170 HS071171	1,061 u 1,016 u 0,995 u 1,063 u	
28/4	118		0537-1154 0600-0819 0853-1133 1219-1515 1232-1533	VRG13 HS07 7069 VRG13 VRG2	VG131180 HS071180 70691180 VG131181 VRG21180	0,898 u 1,062 u 1,207 u 0,898 u 1,090 u	
29/4	119	✓ ✓	0622-1111 0643-0915 0935-1307 1141-1519 1337-1508	VRG2 VRG13 VRG5 VR1113 VRG13	VRG21190 VG131190 VRG51190 11131190 VG131191	1,090 u 0,898 u 1,021 u 0,866 u 0,898 u	
30/4	120		0708-1114 0724-0928 0942-1314 1143-1505 1336-1516	HS07 VRG13 VR1117 VR1116 VRG13	HS071200 VG131200 11171200 11161200 VG131201	1,088 u 0,900 u 1,078 u 1,098 u 0,900 u	



Tafla 2. GPS-mælingar í apríl – júní 1999							
Dags.	Dagur		Tími	Mæli- stöð	Mæli- skrá	Loftnets- hæð	Athuga- semnd
2/5	122	✓	0640-0846	7169	71691220	1,070 u	
		✓	0716-1037	7050	70501220	1,116 u	
		✓	0907-1503	GRH20	GH201220	1,204 u	
		✓	1126-1257	VRG34	VG341220	0,997 u	
		✓	1319-1450	7169	71691221	1,071 u	
8/5	128	✓	0836-1235	SNH7	SNH71280	1,095 u	
		✓	0858-1030	HS07	HS071280	1,036 u	
		✓	1100-1436	SN12	SN121280	1,076 u	
		✓	1304-1659	SNH17	SH171280	1,049 u	
			1510-1723	VRG13	VG131280	0,915 u	
9/5	129	✓	0659-1326	7052	70521290	1,081 u	
		✓	0714-0844	ILAX	ILAX1290	0,129 t	
		✓	0859-1029	7169	71691290	1,099 u	
		✓	1123-1357	7055	70551290	1,076 u	
10/5	130	✓	0811-1257	7063	70631300	1,073 u	
		✓	0848-1017	7065	70651300	1,011 u	
		✓	1124-1423	7060	70601300	1,095 u	
		✓	1403-1653	7058	70581300	1,050 u	
		✓	1453-1627	7060	70601301	1,095 u	
11/5	131	✓	0637-1016	7179	71791310	1,049 u	
		✓	0654-0825	ILAX	ILAX1310	0,129 t	
		✓	0845-1220	LM0302	03021310	0,125 t	
		✓	1046-1419	RN07	RN071310	1,028 u	
		✓	1249-1437	7077	70771310	1,063 u	
12/5	132	✓	0939-1218	VR141	V1411321	0,998 u	
		✓	1049-1414	VR144	V1441320	0,995 u	
		✓	1242-1820	VR148	V1481320	1,036 u	
		✓	1437-1611	RN07	RN071320	1,024 u	
		✓	1648-1840	RN16	RN161320	1,061 u	
13/5	133	✓	0741-0937	RN16	RN161330	1,060 u	
		✓	0804-1420	RN07	RN071330	1,026 u	
		✓	1057-1227	RN40	RN401330	1,051 u	
		✓	1250-1640	RN30	RN301330	0,992 u	
		✓	1510-1656	RN16	RN161331	1,064 u	
14/5	134	✓	0655-1207	HS07	HS071340	1,118 u	
		✓	0726-0846	SV1	OSV11340	1,076 u	
		✓	0851-1006	SV1	OSV11341	1,076 u	
		✓	1037-1359	HS02	HS021340	1,046 u	
		✓	1229-1630	HS05	HS051340	1,077 u	
		✓	1445-1650	7058	70581340	1,017 u	
15/5	135	✓	0827-1215	RN35	RN351350	1,050 u	
		✓	0848-1018	RN30	RN301350	1,091 u	
		✓	1046-1410	RN16	RN161350	1,061 u	
		✓	1240-1618	RN30	RN301351	1,092 u	
		✓	1446-1637	RN40	RN401350	1,081 u	
17/5	137	✓	0745-1157	VG252	V2521370	1,107 u	
		✓	0815-0945	LM3006	30061370	1,051 u	
		✓	1027-1356	VG242	V2421370	1,051 u	
		✓	1226-1408	7183	71831370	1,051 u	

Tafla 2. GPS-mælingar í apríl – júní 1999							
Dags.	Dagur		Tími	Mæli- stöð	Mæli- skrá	Loftnets- hæð	Athuga- semd
19/5	139	✓	1114-1310	HS19	HS191390	1,051 u	
		✓	1140-1358	7183	71831390	1,045 u	
		✓	1354-1816	7069	70691390	1,054 u	
		✓	1412-1542	7183	71831391	1,045 u	
		✓	1626-1755	7065	70651390	1,075 u	
20/5	140	✓	0722-1138	5483	74831400	1,036 u	5483!
		✓	0758-0928	RN30	RN301400	1,044 u	
		✓	1012-1404	RN40	RN401400	1,041 u	
			1214-1341	LM0302	03021400	0,125 t	
21/5	141	✓	0912-1141	VRG2	VRG21410	1,061 u	
		✓	1011-1343	HS21	HS211410	1,077 u	
		✓	1213-1649	HS20	HS201410	0,999 u	
		✓	1443-1613	SNH25	SN251410	0,984 u	
22/5	142	✓	0752-1203	SNH25	SN251420	0,986 u	
		✓	0831-0959	HS19	HS191420	1,027 u	
		✓	1043-1351	SN21	SN211420	1,057 u	
		✓	1229-1408	SNH17	SN171420	1,064 u	
23/5	143	✓	1000-1130	7077	70771430	1,063 u	
		✓	0943-1323	7074	70741430	1,073 u	
		✓	1152-1534	HS18	HS181430	1,063 u	
		✓	1404-1546	HS16	HS161430	1,072 u	
24/5	144	✓	0811-1312	HS12	HS121440	1,016 u	
			0831-1101	HS16	HS161440	1,071 u	
		✓	1142-1610	7058	70581440	1,045 u	
		✓	1407-1538	7055	70551440	1,077 u	
3/6	154	✓	0522-0715	VRG5	VRG51540	1,046 u	
		✓	0545-0901	VR1113	11131540	1,031 u	
		✓	0733-1254	VRG13	VG131540	0,890 u	
		✓	0919-1050	VR1116	11161540	1,086 u	
4/6	155	✓	0830-1242	RH9313	93131550	1,049 u	
		✓	0942-1729	HS11	HS111550	1,045 u	
		✓	1416-1927	HS10	HS101550	1,064 u	
5/6	156	✓	0842-1259	HS07	HS071560	1,042 u	
		✓	0919-1242	HS10	HS101560	1,072 u	
		✓	1331-1519	GRH28	GH281560	1,037 u	
		✓	1350-1533	VRG34	VG341560	1,016 u	
6/6	157	✓	0852-1126	VRG13	VG131570	0,969 u	
		✓	0923-1101	SNH17	SH171570	1,061 u	
		✓	1226-1443	HS12	HS121570	1,067 u	
		✓	1307-1502	HS16	HS161570	1,072 u	
		✓	1551-1811	RN40	RN401570	1,052 u	
✓	1621-1751	LM0302	03021570	0,126 t			
9/6	160	✓	0859-1030	HS07	HS071600	1,072 u	
		✓	0841-1215	RN1117	11171600	1,117 u	
		✓	1045-1228	VR1116	11161600	1,061 u	

Mælingar auðkenndar með ✓ eru notaðar við endanlega útreikninga.  
Loftnetshæðir eru í metrum. Útskýring á 't' og 'u' er í kafla 3.2.2.

Tafla 3. 4400SSi og TDC1
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Skerpa á skjá TDC1: FUNC -&gt; eða FUNC &lt;-</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Grunnstilling gerð í TDC1 mælitölvunni CNFG og SURVEY CONTROL Antenna Type = L1/L2 Comp. w. Groundplane Mode = Advanced Part no. (loftnet) = 78192 (Rover), 76635 (Base) Real Time Method = None Postprocessing = Fast Static Base Logging in = Handheld Rover Logging in = Handheld Quality Control = None Elevation Mask = 15° PP Epoch Interval = 15 sec PDOP = 7 Auto Filename = No 4400/7400 Receivers = Yes</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Stíllt upp yfir fastmerki (ekki útlistað hér)</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Ræsa móttakara Kveikja á viðtæki 4400SSi og TDC1 mælitölvu SURV Start Base Receiver Job Name Pt = númer Cd code = t.d. stöpull eða bolti Ant ht (Uncor) = meðalfjarlægð skáhalt frá bolta að neðri brún á 'groundplane' í raufum á 3 stöðum eða Ant ht (True) = lóðrétt fjarlægð frá bolta í stöpli að 'phase center' (7 mm yfir neðra fleti 'groundplane') Filename = punktnúmer, dagsnúmer, lota Enter og mæling er hafin Clear þegar mæling er búin</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Gögn lesin í ferðatölvu Ferðatölvu, OSM hleðslutæki tengt við rafmagn Tölvusnúra tengir hleðslutæki og ferðatölvu TDC1 handtölvu tengist Trimble hleðslutæki með stuttri millisnúru í langa svarta snúru TDC1 er sett í COMM ham og Data Transfer GPLoad forritið flytur gögnin í ferðatölvuna Tvö afrit af gögnunum flutt á disklinga</li></ul>

### 3.2 Mæligögn

Mæligögnin, sem urðu til við GPS-mælingarnar í apríl–júní 1999, eru fyrst, en þó ekki síðast, mæliskrárnar. Í töflu 2 er færð ein lína fyrir hverja uppstillingu og mælingu og þar með fyrir hverja mæliskrá og er nafn mæliskrárinnar í dálki 6 í töflunni. (Hver mæling er notuð í einni eða fleiri lotum. Lota er samtíma og samfelld mæling í tveimur stöðvum. Mælingar í einni lotu eru notaðar við að reikna einn rúmvektor).

Mæliskrárnar voru fluttar á 57 disklinga (tvö eintök) og eru mælingar einn dag á einum eða tveimur disklingum. Mæliskrárnar eru frumgögn og ekki er ráðlegt (og varla hægt) að breyta því, sem þar er skráð. En nafn stöðvar og loftnetshæð (í dálkum 5 og 7 í töflu 2) eru þær tvær stærðir, sem mælingamaðurinn færir í handtölvuna áður en mæling hefst.

Nafn stöðvar og loftnetshæð, sem fjallað er um nánar í köflum hér á eftir, eru því þau gögn í mæliskránni, sem mannleg mistök geta haft áhrif á (og stundum áttar mælingamaðurinn sig á að hann hefur gert mistök áður en hann yfirgefur mælistöðina). Þess vegna eru þessi atriði einnig skráð í mælibók. Gögnin í mælibókinni hafa verið færð í töflu 2.

Þegar unnið er úr mælingunum, eru mæliskrárnar lesnar af disklingunum, ein og ein í senn, og þá er rétt stöðvarnafn eða rétt loftnetshæð færð inn í vinnslurýmið, ef annað hvort hefur verið rangt á disklingnum.

Í dálki fyrir athugasemdir, aftast í töflu 2, er merkt við þegar loftnetshæð er röng á disklingi en rétt í töflunni. Aftur á móti er ekki merkt við (nema á einum stað) þar sem stöðvarnafn er annað á disklingi en rétta nafnið í töflunni.

Í dálki 3 í töflu 2 er merkt við þær mælingar, sem nota á, en ekki er merkt við mælingar þegar mæliskilyrði reyndust slæm og ekki við mælingar á löngum rúmvektorum, sem hætt var við að nota þegar mælt hafði verið í nokkra daga.

### 3.2.1 Nöfn mælistöðva

Full nöfn mælistöðva, í hnitaskrá og stöðvarlýsingum, eiga að hefjast á tveggja stafa tákni (HN, LM, OS, RH, VR eða VG) fyrir stofnunina eða fyrirtækið, sem setti mælistöðina. Þessi regla var samþykkt í starfshópi þeim um landmælingar, sem meðal annars undirbjó mælingar í grunnstöðvaneti 1993 (mæliátak ÍSNET93, viðmiðun ÍSN93).

Á mælisvæðinu við Svartsengi er venja að brjóta þessa reglu í SN-línunni með heitavatspípu til Njarðvíkur, SA-línu að Náttahagakrika, GR-línu til Grindavíkur og SV-línu vestur yfir Sandfellshæð (en ný lína með vegi er nú komin í stað hennar). Að öðru leyti höldum við okkur við regluna í hnitastöðvaneti og stöðvarlýsingum.

Annars staðar í skýrslunni eru stafirnir 'OS' felldir brott, aðallega til að einfalda myndir, en önnur tákn fyrir stofnanir eru látin standa.

Á myndum og við úrvinnslu GPS-gagna eru bandstrik felld úr nöfnum, en samkvæmt hefð eru þau látin standa í fallmæligögnum.

Könnun og lýsingum á fastmerkjum, sem nota átti sem GPS-stöðvar, var engan veginn lokið þegar GPS-mælingarnar hófust, heldur var vali GPS-stöðva haldið áfram á meðan mælt var. Þess vegna var mælinetið ekki að fullu ákveðið fyrr en mælingarnar voru langt komnar. Nöfn mælistöðvanna (eða stytting á nöfnum mælistöðvanna) voru heldur ekki ákveðin fyrr en jafnóðum og mælt var.

Nafn mælistöðvar er annars vegar fært í handtölvu (minni mælitækisins) og hins vegar er fjögurra stafa stytting á nafninu notuð í nafni á mæliskránni (ásamt þriggja stafa númeri dags í árinu og áttunda staf, sem er fyrst núll, en breytist ef stillt er upp oftar en einu sinni í sömu stöð á sama á degi). Nafn mæliskrárinnar er einnig fært í handtölvuna. Þessi gögn eru þó ekki nærri eins áriðandi og loftnetshæðin (sem færð er bæði í handtölvuna og mælibók) því mæliskráin sjálf gefur upplýsingar um mælistaðinn, bæði í tíma og rúmi.

### 3.2.2 Loftnetshæðir

Í dálki 7 í töflu 2 kemur fram hvernig loftnetshæð var mæld (u eða t) og hvað hún mældist vera. Þegar loftnetið er á þrífæti er skárfjarlægðin frá bolta að neðra borði í raufum á brún jarðskíflu (groundplane) mæld á þremur stöðum með þar til gerðum kvarða og meðaltalið skráð óleiðrétt (u = uncorrected) bæði í mælibók og minni handtölvunnar. En þegar loftnetið er á landmælingastöpli, er lóðréttu fjarlægðin frá bolta að fasamiðju (phase center) skráð sem lóðrétt (t = true vertical) loftnetshæð. Fasamiðjan er 7 mm yfir neðra borði jarðskífunnar.

Nýrri landmælingastöplar eru með stálplötu efst í yfirborði stöpsulsins og skrúfubolta upp úr henni miðri. Þá er hægt að skrúfa þrístúf (tribrach) beint á skrúfboltann þannig að hann hvíli á stálplötunni. Hann er svo stilltur réttur með hjálp loftbólú. Loftnetið kemur þar á ofan.

Á eldri landmælingastöplum er venjulega lóðréttur sívalningur efst í stöplinum, þannig að endi sívalnings, með merki í miðju, nær nokkra millimetra upp fyrir yfirborð stöpsulsins. Þá verður að nota sérstaka stöplaplötu, sem er stillt yfir merkinu í sívalningnum með hjálp loftbólú á enda teins (hinn endinn nemur við merkið). Stöplaplátan er fest með gífsi og þegar það hefur harðnað er þrístúfur skrúfaður á stöplaplötuna og stilltur réttur. Loftnetið kemur þar á ofan.

En byrja þarf á að nota hallamál og málband til að mæla t. d. 100 mm frá yfirborði skrúfboltans eða sívalningsins niður með hlið stöpsulsins og merkja þar viðmiðunarpunkt. Þegar loftnetinu með jarðskíflu hefur verið stillt upp, er lóðréttu fjarlægðin frá viðmiðunarpunkti að neðra borði jarðskífunnar mæld, 7 mm bætt við, 100 mm dregnir frá og loftnetshæðin skráð í metrum.

Við mælingarnar voru loftnetshæðir rangt skráðar í 3 skipti, eins og sjá má í töflu 2, þar sem táknið "Hæð!" í athugasemdadálki merkir að hæðin sé rétt í töflunni en röng á disklingnum.

### 3.3 Úrvinnsla

#### 3.3.1 GPS við landmælingar

Hér verður reynt að útskýra nokkur orð og hugtök, sem varða mælingar með GPS-landmælingatækjum, og byrjað á að telja upp merkin, sem gervitunglin senda frá sér:

- Tvær burðarbylgjur með tíðnir, sem nefnast **L1** og **L2** og svara til bylgjulengdanna 19,05 cm og 24,45 cm.
- **P-kóði** (opinber) eða **Y-kóði** (hernaðarleyndarmál) með 'bylgjulengd' um 29,3 m.
- **C/A-kóði** með 'bylgjulengd' um 293 m.
- Leiðiorð (**navigation message**), sem er sent með hraðanum 50 bitar á sekúndu.

Nota má C/A-kóða, P-kóða (Y-kóða), blöndu af tíðnum L1 og L2 með bylgjulengd 86,2 cm (wide lane) og fleiri merkjaafbrigði við að reikna rúmvektorinn milli tveggja viðtækja. Merki með lengstu bylgjulengd eru notuð fyrst og niðurstöður eru ítrekað bættar með því að nota styttri bylgjulengdir.

Með fasamælingum, með viðtækjum eins og 4400SSi, þarf að ákveða fjölda bylgjulengda (fyrir tíðnirnar L1 og L2) milli viðtækjanna og gervitunglanna á þeim augnablikum þegar mælt er (epoch). Líklegustu rauntölugildin fyrir fjölda bylgjulengda er fundin með aðferð minnstu kvaðrata. Lausnin nefnist fljótandi (float) lausn.

Reynt er að breyta rauntölugildunum í nærliggjandi heiltölur og endurtaka útreikningana með heiltölugildunum sem föstum tölum. Besta heiltölulausn, sú sem gefur minnsta kvaðratsummu, er nefnd föst (**fixed**) lausn. Svonefnt 'hlutfall' (**ratio**) er mælikvarði á hversu vel besta lausnin sker sig frá þeirri næstbestu. Því stærra hlutfall, því betra. Fyrir stuttar línulengdir eru þessir útreikningar með heiltölugildum framkvæmdir fyrir burðartíðnina L1 eina og nefnist þá lausnin '**L1 fixed**'. Hvort sem lausnin er fljótandi eða föst, er kvaðratsumma frávíka reiknuð ásamt viðmiðunarferviki (**reference variance**), sem er mælikvarði á nákvæmni mælinganna.

#### 3.3.2 Rúmvektorar

Úrvinnsla mælinganna fór fram með forriti GPSurvey frá Trimble, sem Landsvirkjun lánaði með mælitækjunum. Við útreikning rúmvektora með forriti WAVE (baseline processor), sem er hluti af GPSurvey, voru notaðar upplýsingar, sem gervitunglin senda frá sér sjálf, um brautir þeirra og fleira (broadcast ephemeris).

Í töflu 4 er stuttur útdráttur úr þeim upplýsingum, sem hægt er að ná út úr WAVE. Þær lúta að rúmvektorum milli tveggja mælistöðva eins og þeir eru reiknaðir samkvæmt mælingum á 15 sekúndna fresti, og eru þá notaðar sendingar frá minnst fimm gervitunglum, sem nást samtímis frá stöðvunum tveimur.

Eins og áður segir voru nöfn stöðva (í dálkum 1 og 2 í töflu 4) leiðrétt til samræmis við töflu 2 um leið og mæliskrárnar voru lesnar af disklingum. Tegund lausnar (í þriðja dálki) er 'L1 fixed' nema fyrir einn 6,6 km langan rúmvektor, þar sem tegund lausnar er 'iono free fixed'. Í fjórða dálki er lengd rúmvektorsins og í fimmta og sjötta dálki eru 'hlutfall' og viðmiðunarfervik.

Í tveimur síðustu dálkunum eru loftnetshæðir, eins og þær eru notaðar við úrvinnsluna. Nokkrar þeirra hafa verið leiðréttar í samræmi við töflu 2, þegar þær voru lesnar af disklingunum.

Í greinargerð (report), sem WAVE sendir frá sér, en er of löng til að birta hér, eru mjög ítarlegar upplýsingar um sérhvern reiknaðan rúmvektor. Þar á meðal er rúmvektorinn sjálfur (þrjú hnit í kerfi með upphafspunkt í miðju jarðar) og ferveiksfylki hans.

Með örfáum undantekningum gildir samkvæmt töflu 4:

- Lengd rúmvektora er innan við 2,7 km.
- Tegund lausnar er 'L1 fixed'.
- Viðmiðunarfervik er undir þremur.

Þetta skýrist af því að mælinetið var (eftir að mælingar hófust og nokkur reynsla var fengin) hannað sem net stuttra lengda og endurmælt var ef viðmiðunarfervik fór yfir þrjá.

Tafla 4. Niðurstöður útreikninga með WAVE							
Mælistöðvar		Tegund lausnar	Lengd vektors	Hlutfall	Viðm.-fervik	Skráðar loftnetshæðir	
LM0302	7179	L1 fixed	2612,832	22,0	1,305	0,125	1,049
LM0302	RN07	L1 fixed	2167,474	35,8	1,265	0,125	1,028
LM0302	RN40	L1 fixed	2010,634	55,3	1,639	0,126	1,052
VR1113	VRG5	L1 fixed	1930,355	232,9	2,785	1,031	1,046
VR1117	VR1116	L1 fixed	762,016	74,5	1,409	1,117	1,061
LM3407	VRG2	lono f. f.	6568,249	2,5	0,702	0,193	1,156
5483	RN30	L1 fixed	1577,624	32,4	2,043	1,036	1,044
7050	GRH20	L1 fixed	1916,213	33,3	2,672	1,116	1,204
7052	7055	L1 fixed	1609,372	47,6	1,322	1,081	1,076
7052	7169	L1 fixed	1732,068	338,9	1,784	1,081	1,099
7058	7055	L1 fixed	1892,439	38,0	2,164	1,045	1,077
7058	7060	L1 fixed	1965,949	25,0	2,207	1,050	1,095
7058	HS05	L1 fixed	1106,652	35,1	0,888	1,017	1,077
7060	7063	L1 fixed	1656,318	10,5	2,921	1,095	1,073
7063	7065	L1 fixed	1351,689	17,9	1,352	1,073	1,011
7069	7065	L1 fixed	2590,291	18,2	3,003	1,054	1,075
7074	HS18	L1 fixed	1259,449	55,5	1,185	1,073	1,063
7077	7074	L1 fixed	1731,725	23,3	1,820	1,063	1,073
7169	7050	L1 fixed	2166,496	13,0	3,158	1,070	1,116
7179	ILAX	L1 fixed	2727,589	579,2	2,045	1,049	0,129
7183	7069	L1 fixed	1446,650	43,5	2,219	1,045	1,054
7183	HS19	L1 fixed	1978,315	20,5	1,764	1,045	1,051
GRH20	7169	L1 fixed	1544,936	44,8	2,243	1,204	1,071
GRH20	VRG34	L1 fixed	999,308	26,9	1,703	1,204	0,997
GRH28	HS07	L1 fixed	1610,138	12,8	2,687	1,016	1,061
HS02	HS07	L1 fixed	1510,796	31,0	1,293	1,046	1,118
HS05	HS02	L1 fixed	1687,418	60,2	1,355	1,077	1,046
HS07	VR1117	L1 fixed	1664,829	40,7	1,863	1,072	1,117
HS07	HS10	L1 fixed	1777,945	36,3	1,690	1,042	1,072
HS07	SNH7	L1 fixed	1649,583	15,2	2,279	1,036	1,095
HS07	SV1	L1 fixed	508,154	89,4	0,930	1,118	1,076
HS07	SV1	L1 fixed	508,154	33,5	1,036	1,118	1,076
HS10	HS11	L1 fixed	1652,079	16,9	2,753	1,064	1,045
HS11	RH9313	L1 fixed	2119,897	23,8	2,688	1,045	1,049
HS12	7058	L1 fixed	1225,307	16,5	1,683	1,016	1,045
HS12	HS16	L1 fixed	2255,356	50,5	1,886	1,067	1,072

Tafla 4. Niðurstöður útreikninga með WAVE (framhald)							
Mælistöðvar		Tegund lausnar	Lengd vektors	Hlutfall	Viðm.-fervik	Skráðar loftnetshæðir	
HS18	HS16	L1 fixed	1442,947	31,0	1,289	1,063	1,072
HS20	HS21	L1 fixed	1457,462	42,5	1,604	0,999	1,077
HS21	VRG2	L1 fixed	1369,941	43,4	1,214	1,077	1,061
ILAX	7052	L1 fixed	2200,650	22,8	1,439	0,129	1,081
RN07	7077	L1 fixed	1963,516	56,9	1,081	1,028	1,063
RN07	RN16	L1 fixed	2496,105	14,9	3,055	1,026	1,060
RN07	RN30	L1 fixed	2097,167	19,5	2,526	1,026	0,992
RN07	RN40	L1 fixed	1168,843	81,6	1,020	1,026	1,051
RN07	VR148	L1 fixed	1317,610	77,1	1,254	1,024	1,036
RN16	RN35	L1 fixed	1154,861	53,8	1,437	1,061	1,050
RN30	RN16	L1 fixed	1828,477	46,1	1,206	1,092	1,061
RN30	RN40	L1 fixed	2095,552	39,6	1,393	1,092	1,081
RN35	RN30	L1 fixed	1555,628	41,9	2,067	1,050	1,091
RN40	5483	L1 fixed	2240,251	17,0	1,867	1,041	1,036
SN12	SNH17	L1 fixed	1612,782	25,6	2,907	1,076	1,049
SN21	SNH25	L1 fixed	1642,121	13,5	0,949	1,057	0,986
SNH17	SN21	L1 fixed	1708,154	140,0	0,938	1,064	1,057
SNH25	LM3407	L1 fixed	3560,941	12,7	3,948	1,056	0,193
SNH25	HS19	L1 fixed	1634,601	21,8	1,472	0,986	1,027
SNH25	HS20	L1 fixed	1850,506	35,6	1,562	0,984	0,999
SNH7	SN12	L1 fixed	1582,750	35,8	2,155	1,095	1,076
VR144	VR141	L1 fixed	1780,158	27,7	1,827	0,995	0,998
VR148	RN16	L1 fixed	2229,819	17,3	1,952	1,036	1,061
VR148	VR144	L1 fixed	1638,796	52,6	1,154	1,036	0,995
VG242	7183	L1 fixed	1851,531	46,2	1,499	1,051	1,051
VG252	LM3006	L1 fixed	2037,628	21,3	2,414	1,107	1,051
VG252	VG242	L1 fixed	2061,150	33,2	1,479	1,107	1,051
VRG13	VR1113	L1 fixed	1099,470	57,4	1,584	0,890	1,031
VRG13	VR1116	L1 fixed	1898,375	34,7	1,779	0,890	1,086
VRG13	SNH17	L1 fixed	2709,397	16,6	3,128	0,969	1,061
VRG34	GRH28	L1 fixed	1599,944	15,9	1,655	1,016	1,037
VR104	LM3006	L1 fixed	1340,056	86,6	0,811	1,062	1,075
VR104	VR113	L1 fixed	1993,383	64,4	1,441	1,062	1,090
VR123	VR113	L1 fixed	1996,781	102,9	1,046	1,069	1,090
VR141	VR123	L1 fixed	1731,516	35,6	1,069	1,042	1,069
VRG2	VRG5	L1 fixed	1406,096	31,6	1,772	1,090	1,021

Lengd rúmvektors og loftnetshæðir eru í metrum.

### 3.3.3 Jöfnun

Baugahnit í grunnstöðvanetinu, sem mælt var 1993, eru reiknuð á sporvölu GRS80, sem er alþjóðlegur staðall. En ekki munar nema broti úr millimetra á hálfásum hennar og sporvöllum í kerfi WGS84. Þess vegna er gengið út frá baugahnitum í grunnstöðvanetinu og reiknað í kerfi WGS84. Jöfnuð baugahnit og hæðir miðast þá einnig við sporvölu GRS80.

Útskýringar á stillingum við notkun forrits GPSurvey eru í skýrslu um GPS-mælingar á Austurlandi 1998 (Gunnar Þorbergsson o. fl. 1998) og verða ekki endurteknar hér.

Yfirlit yfir niðurstöður jöfnunar er í töflu 5. Varðandi skekkjustuðul og  $\tau$ -gildi verður að vísa í handbækur með GPSurvey, en báðar stærðirnar eru innan edlilegra marka.

Þar sem tilgangur með GPS-mælingunum er m. a. að athuga hvort þær geti leyst fallmælingar af hólmi, eru stærsta staðalfrávik hæðar og stærsta staðalfrávik mælds hæðarauka einna áhugaverðast í töflunni. Síðar nefnda stærðin er hágildi fyrir meðalskekkju við hæðarmælingu milli tveggja stöðva, og er þá ekki reiknað með að þær séu í neti. Hún er háð mæliskilyrðum og lengd rúmvektors.

Skekkjuellipsur fyrir mælistöðvar eru ekki sýndar í þessari skýrslu, þó að þær séu reiknaðar þegar jafnað er með GPSurvey. Þær eru nær hringlaga við GPS-mælingar, og ekki nærri eins áhugaverðar og við hefðbundnar þríhyrningamælingar.

Í töflu 5 eru að lokum gefnir stuðlar, sem margfalda þarf meðalskekkjur hæða og hæðarauka (ein vídd) eða hálfása skekkjuellipsa (tvær víddir) með til að fá mótsvarandi skekkjumörk við 95% líkur. Stuðlarnir eru 1,96 og 2,45 þegar frívídd er mjög stór.

Baugahnit mælistöðva og hæðir yfir sporvölu eru í töflu 6. Gengið er út frá hnitum á stöð LM3407 samkvæmt mælingum 1995.

Tafla 5. Yfirlit yfir niðurstöður jöfnunar	
Skekkjustuðull (global scalar)	2,90
Fjöldi mællína	72
Stærsta leiðrétting stefnu (")	0,13
Stærsta leiðrétting lengdar (mm)	1,8
Stærsta leiðrétting hæðarauka (mm)	2,3
Stærsta hlutfall hálfáss í staðalellipsu á móti lengd vektors í miljónustu hlutum (ppm)	1,4
Stærsta staðalfrávik mælds hæðarauka (mm)	4,2
$\tau$ -gildi	3,46
Útlagar	0
Þekktar stöðvar	1
Reiknaðar stöðvar	57
Stærsti hálfás staðalellipsu (mm)	2,4
Stærsta staðalfrávik hæðar (mm)	5,5
Frívídd	45
95%-stuðull fyrir eina vídd	2,01
95%-stuðull fyrir tvær víddir	2,53
Óvissa við mælingu loftnetshæða var sett 0 mm og við lóðun loftnets yfir bolta einnig 0 mm.	



Tafla 6. Baugahnit og hæðir yfir sporvölu

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð
GR-H20	63°50'45,13714"N	22°26'03,84734"V	80,921 <sup>e</sup>
GR-H28	63°52'06,94739"N	22°25'22,96005"V	112,872 <sup>e</sup>
HN1000-IS	63°49'15,00751"N	22°31'23,53466"V	81,390 <sup>e</sup>
LM0302	63°49'31,61480"N	22°37'46,39814"V	79,392 <sup>e</sup>
LM3006	63°55'37,77597"N	22°40'40,79688"V	81,803 <sup>e</sup>
LM3407	63°58'27,21761"N	22°33'01,17333"V	89,511 <sup>e</sup>
OS5483	63°48'03,16815"N	22°41'39,14856"V	81,789 <sup>e</sup>
OS7050	63°49'57,20312"N	22°24'35,20026"V	68,317 <sup>e</sup>
OS7052	63°49'59,75908"N	22°29'18,53468"V	75,616 <sup>e</sup>
OS7055	63°50'47,03105"N	22°30'07,44754"V	91,843 <sup>e</sup>
OS7058	63°51'47,40922"N	22°30'28,85215"V	105,167 <sup>e</sup>
OS7060	63°52'42,07169"N	22°31'42,07768"V	108,354 <sup>e</sup>
OS7063	63°53'34,14864"N	22°32'09,76969"V	102,637 <sup>e</sup>
OS7065	63°54'14,39369"N	22°32'48,12614"V	116,348 <sup>e</sup>
OS7069	63°55'35,73686"N	22°33'32,42534"V	107,361 <sup>e</sup>
OS7074	63°51'05,09665"N	22°37'34,83380"V	83,534 <sup>e</sup>
OS7077	63°50'24,28674"N	22°39'01,46583"V	87,636 <sup>e</sup>
OS7169	63°50'05,51540"N	22°27'12,52815"V	72,270 <sup>e</sup>
OS7179	63°49'08,88600"N	22°34'42,44214"V	79,471 <sup>e</sup>
OS7183	63°56'14,29399"N	22°34'32,36757"V	93,826 <sup>e</sup>
OS-HS02	63°52'21,56182"N	22°27'19,48685"V	96,556 <sup>e</sup>
OS-HS05	63°52'01,23094"N	22°29'14,13440"V	94,901 <sup>e</sup>
OS-HS07	63°52'56,11020"N	22°26'01,34618"V	96,343 <sup>e</sup>
OS-HS10	63°53'10,17122"N	22°23'55,07359"V	131,560 <sup>e</sup>
OS-HS11	63°52'57,57789"N	22°21'57,45187"V	140,919 <sup>e</sup>
OS-HS12	63°51'33,79864"N	22°31'53,07184"V	121,900 <sup>e</sup>
OS-HS16	63°51'10,84383"N	22°34'29,73201"V	102,042 <sup>e</sup>
OS-HS18	63°51'22,77307"N	22°36'11,82235"V	96,780 <sup>e</sup>
OS-HS19	63°56'55,05744"N	22°32'40,52909"V	84,264 <sup>e</sup>
OS-HS20	63°57'04,72716"N	22°28'29,24865"V	90,656 <sup>e</sup>

Tafla 6. Baugahnit og hæðir yfir sporvölu (framhald)

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð
OS-HS21	63°57'09,37297"N	22°26'42,72961"V	97,268 <sup>e</sup>
OS-RN07	63°49'32,66442"N	22°40'24,85598"V	84,354 <sup>e</sup>
OS-RN16	63°49'42,41020"N	22°43'26,02842"V	71,260 <sup>e</sup>
OS-RN30	63°48'50,08717"N	22°42'24,07594"V	79,685 <sup>e</sup>
OS-RN35	63°49'10,13506"N	22°44'08,33429"V	77,040 <sup>e</sup>
OS-RN40	63°48'57,83413"N	22°39'51,92335"V	84,017 <sup>e</sup>
OS-SV1	63°52'40,17575"N	22°26'10,24024"V	92,736 <sup>e</sup>
RH9313	63°52'48,13591"N	22°19'23,63314"V	143,663 <sup>e</sup>
SN-12	63°54'29,30994"N	22°27'47,92832"V	93,832 <sup>e</sup>
SN-21	63°56'05,09267"N	22°29'37,32818"V	87,287 <sup>e</sup>
SN-H17	63°55'16,43703"N	22°28'38,27344"V	77,435 <sup>e</sup>
SN-H25	63°56'50,11724"N	22°30'41,02024"V	81,731 <sup>e</sup>
SN-H7	63°53'43,20287"N	22°26'57,85036"V	100,784 <sup>e</sup>
VG242	63°56'47,61447"N	22°36'25,23527"V	79,739 <sup>e</sup>
VG252	63°56'11,90775"N	22°38'32,94293"V	73,565 <sup>e</sup>
VR104	63°55'03,56106"N	22°41'40,99214"V	74,172 <sup>e</sup>
VR1113	63°55'46,72581"N	22°25'35,03620"V	83,801 <sup>e</sup>
VR1116	63°54'10,61265"N	22°25'14,44066"V	129,159 <sup>e</sup>
VR1117	63°53'46,01514"N	22°25'16,00446"V	122,611 <sup>e</sup>
VR113	63°53'59,20664"N	22°41'44,18475"V	95,284 <sup>e</sup>
VR123	63°52'55,06377"N	22°41'29,21390"V	110,475 <sup>e</sup>
VR141	63°52'02,10909"N	22°40'48,51067"V	90,379 <sup>e</sup>
VR144	63°51'04,80566"N	22°40'38,10361"V	80,196 <sup>e</sup>
VR148	63°50'12,61775"N	22°40'58,00248"V	90,912 <sup>e</sup>
VR-G13	63°55'11,86275"N	22°25'19,78069"V	95,331 <sup>e</sup>
VR-G2	63°57'31,43671"N	22°25'15,51007"V	101,926 <sup>e</sup>
